Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 5/95
frá 27. janúar 1995

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn([1]).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/44/EB frá 19. september 1994 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 82/130/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 82/130/EBE) í X. kafla II. viðauka við samninginn:

„- 394 L 0044: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/44/EB frá 19. september 1994 (Stjtíð. EB nr. L 248, 23. 9. 1994, bls. 22).“.

2. gr.

([1]) Stjtíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1994, bls. 20 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 57, 31. 12. 1994, bls. 147.
([2]) Stjtíð. EB nr. L 248, 23. 9. 1994, bls. 22.

Fullgiltur texti tilskipunar 94/44/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. janúar 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G.J.L. Avery

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker